



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hafralónsá í landi Tungusels, Langanesbyggð



Indriði Skarphéðinsson

2024


Forsíðumynd: Anna María Þórhallsdóttir, Horft út með Hvammsgljúfrum



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Október 2024

Efnisyfirlit

Abstract	3
Inngangur	3
Skráningarsvæðið	4
Tungusel	4
Niðurstöður	5
Heimildir:	6



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðis.


Abstract

Sólarsalir hired Indriði Skarphéðinsson, an archaeologist at the company Sagnabrunnur, to do an archaeological registration in the land of Tungusel in Langesbyggð. This project has the registration nr. 3354. No archaeological remains nor sanctioned archaeological remains were found in the registration area.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér fornleifaskráningu, að beiðni Sólarsala, á þremur aðskildum svæðum í landi Tungusels við Hafalónsá í Langesbyggð vegna fyrirhugaðrar breytingar á deiliskipulagi vegna byggingar á veiðihúsi. Tengiliður verkkaupa var Anna María Þórhallsdóttir arkitekt hjá Sniddu ehf. og fékk fornleifaskráningin verkefnanúmerið 3354 hjá Minjastofnun Íslands. Svæðin þrjú eru tvö efnistökusvæði og eitt svæði undir nýja lóð veiðihússins. Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en deiliskipulag er afgreitt. Tilgangur fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir um fornleifar á strengleiddinni, ásamt því að skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða gætu leynst undir sverði. Áður en farið var vettvang voru helstu heimildir skoðaðar, svo sem örnefnaskrá, túnakort, byggðarsaga o.fl. Þann 15. október síðastliðinn fór Indriði Skarphéðinsson, starfsmaður Sagnabrunns ehf., á vettvang og tók svæðið út. Eftir að rýnt hafði verið í heimildir og svæðin skoðuð á vettvangi kom í ljós að engar fornleifar er að finna innan deiliskipulagssvæðisins.

Skráningarsvæðið



Mynd 2. Skráningarsvæðið.

Eins og fyrr segir skiptist skráningarsvæðið niður í þrjú svæði. Tvö efnistökusvæði, annars vegar í og við túnið, stutt innan við Tungusel, og hins vegar við veginn stutt utan við Tungusel. Þriðja svæðið er staðsett við gljúfrabrunina innst í Hvammsgljúfrum. Í heildina þekja svæðin þrjú tæpa 42000 m².

Tungusel

Tungusel er innsti bær í Sauðaneshreppi og samkvæmt Byggðarsögu Norður-Þingeyinga er talið er að það hafi byggst úr Hallgilsstaðalandi um 1741, eru líkur til þess að á staðnum hafi áður staðið sel frá Hallgilsstöðum líkt og nafnið gefur til kynna (Halldór Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson & Þórarinn Þórarinsson 1985:562). Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er rituð árið 1712 er þess þó getið að Tungusel hafi byggst upp af selstæði Hallgilsstaða um 60 árum fyrr en það var búið að vera í eyði í sex ár þegar sú orð voru rituð. Er jörðin metin 6 hundruð að dýrleika árið 1712 (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943:368). Í Jarðatali Johnsen er staðurinn sagður hjáleiga frá Hallgilsstöðum og metin á 4 hundruð að dýrleika (Jón Johnsen 1847:345-46).

Niðurstöður

Við vettvangskönnun fundust engin ummerki um fornleifar innan skráningarsvæðisins né fundust neinar heimildir sem benda til þess að fornleifar sé að finna á svæðinu. Bent er þó á að fornleifar geti leynst undir sverði án þess að nokkur ummerki þeirra sjáist á yfirborði.

Komi áður ókunnar fornminjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu skal samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar.

Heimildir:

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1943). *Jarðabók – Þingeyjarsýsla*. 11. bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag. Kaupmannahöfn.

Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (1994). *Þingeyjarsýslur – Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*. Gott mál hf. Reykjavík.

Björn Guðmundsson (1959). *Lýsing Þingeyjarsýslu – Norður Þingeyjarsýsla*. Ritsafn Þingeyinga II. Helgafell Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson (1998): *Langnesingasaga I – Saga Byggðar á Langnesi frá landnámi til 1918*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson (2000): *Langnesingasaga II – Saga Byggðar á Langnesi frá 1918 til 2000*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Halldór Sigurðsson, Þórarinn Kristjánsson & Þórarinn Þórarinsson (1985). *Land og Fólk – Byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga. Akureyri.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S, Trier. Kaupmannahöfn.

Kristján Eiríksson o.fl. (1973): *Örnefnaskrá Sauðaneshreppur – Tungusel*. Örnefnastofnun.

Túnakort Tungusels, Sauðaneshreppur, Norður Þingeyjarsýsla. 1920, teiknari Davíð Árnason.